

Íslandsáfangi í MA

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Júní 2011

Menntaskólinn á Akureyri

Verkefni: Íslandsáfangi í MA

Verkefnastjóri: Valgerður S. Bjarnadóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Yfirmarkmið Íslandsáfangans eru eftirfarandi:

1. Nemandinn þekki stöðu sína í því umhverfi sem hann lifir og hrærist í, bæði samfélagini og náttúrlegu umhverfi. Hann geti auk þess gert sér og öðrum grein fyrir sögulegum forsendum þessa umhverfis og þeim áhrifum sem maðurinn og umhverfið hafa hvort á annað
2. Nemandinn kunni til verka við þekkingaröflun og upplýsingaleit. Hann beiti þeim aðferðum sem við eiga hverju sinni og yfirfæri slíka kunnáttu eftir þörfum. Hann kunni að meta upplýsingar og vinna með þær á þann hátt að þær skili honum þekkingu og aukinni hæfni til náms
3. Nemandinn styrki málvitund sína og málhæfi, skilji fjölbreytta texta og beiti einnig málinu til að miðla þekkingu sinni og viðhorfum til annarra
4. Nemandinn sýni hugkvæmni við lausn verkefna, sveigjanleika í samstarfi og ábyrgð gagnvart náminu og skólanum

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Íslandsáfanginn skiptist í two 13 framhaldsskólaeininga áfanga, annarsvegar Ísland SAM (samfélagshluta) þar sem íslenska, upplýsingatækni, félagsfræði og saga mynda heildstæðan, samþættan áfanga og hinsvegar Ísland NÁT (náttúrufræðihluta) þar sem íslenska, upplýsingatækni, jarðfræði, landafræði og líffræði fléttast saman í einn áfanga. Nemendur voru alls 15 kennslustundir á viku í áfanganum og kennrar voru alls 14 sem skiptu tímanum á milli sín. Tveir hópstjórar héldu utan um skipulagsmál áfanganna. Unnið var að markmiðunum í gegnum verkefnabundið nám þar sem áhersla var á frumkvæði, sköpun, ábyrgð, ritun, læsi, samskiptahæfni auk þekkingar í greinunum sem liggja til grundvallar, svo eitthvað sé nefnt. Lítill áhersla var á hefðbundna bekkjarkennslu og þeim mun meiri áhersla á fjölbreytt verkefni sem reyndu á virkni og hugkvæmni nemenda.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Sótt var um töluvert hærri styrk en fékkst og því þurfti að hagræða áætlun verkefnisins. Meðal annars þurfti að fækka sameiginlegum fundum, undirbúnings- og uppgjörsdögum.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Svo stórt samþætt verkefni sem Íslandsáfanginn er krefst mikillar samræmingar og samræðu kennara. Helstu hindranir liggja í kostnaði við sameiginlegan undirbúning og samræðu sem ekki er hluti af vinnuskyldu kennara.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Fyrir námssamfélagið í skólanum hefur áfanginn haft mikið að segja. Mikil umræða hefur farið fram, ekki bara innan þess hóps sem kennir í áfanganum. Tekist hefur verið á um kennslufræðileg málefni og það er af hinu góða. Kennrar hafa veitt hver öðrum stuðning og lært hver af öðrum.

Nemendur hafa þjálast markvisst í vinnubrögðum og leyst alls kyns fjölbreytt verkefni sem reyna á virkni þeirra og hæfni til að vinna saman í hóp. Það er von okkar og markmið að þessi undirbúningur nýtist sem best á seinni árum nemenda við skólann og svo í áframhaldandi námi og starfi.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Mat á verkefninu snýr bæði að nemendum og kennurum. Áhersla var lögð á að meta vinnu nemenda og samstarf kennara, þá einkum vinnubrögð, líðan og sjálfstæði nemenda og starfsánægju og viðhorf kennara.

Ráðinn var sérstakur matsfulltrúi veturninn 2010-2011. Hans hlutverk var að skipuleggja mat á nýrri námskrá og vinna markvisst að mati fyrsta innleiðingarárið. Taka skal fram að matsfulltrúinn kenndi ekki sjálfur á 1. ári. Naut hann leiðsagnar Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólan á Akureyri. Mat á Íslands-áfanganum var fyrirferðarmikið í starfi matsfulltrúa og sjálfsmatsnefndar skólans. Á skólaárinu svöruðu nemendur tveimur áfangakönnunum og þannig var hægt að sjá mun á viðhorfum nemenda milli annars. Bekkjarfundir voru haldnir nokkrum sinnum yfir skólaárið og á þeim var Íslandsáfanginn meðal annars til umræðu auk þess sem teknir voru gæðahringir og rýnhópar meðal nemenda þar sem farið var yfir það sem gekk vel og það sem mætti betur fara auk umræðu um einstök þemu innan áfangans. Kennrarar áfangans funduðu vikulega og skiluðu fundargerðum til matsfulltrúa. Einnig svöruðu kennrarar áfangans spurningalista matsfulltrúa tvisvar á tímabilinu. Ingvar Sigurgeirsson professor kom í heimsókn á haustönninni, ræddi við nemendur og kennara og gaf kennurum góð ráð.

Þrátt fyrir alla þessa matsþætti er erfitt að meta með áreiðanlegum hætti hvort markmiðum áfangans hafi verið náð þar sem slíkt mat þarf að taka til lengri tíma. Til stendur til að meta námsrárangur, brottafall og vinnubrögð nemenda á seinni árum námsins.

Niðurstöður verkefnisins:

Matsfulltrúi skilaði ítarlegri skýrslu nú á vordögum. Í þeirri skýrslu kemur fram að kannanir meðal kennara sýna að þeir eru ánægðir með samstarfið í Íslandsáfanganum, þeim finnst spennandi að brjótast út úr hefðbundnu formi og sjá mikla möguleika í samþættingu. Þeim finnst virkni og sjálfstæði nemenda hafa aukist og telja fjölbreytni í kennsluaðferðum og verkefnum gagnast vel. Þeir vonast til að skila af sér nemendum sem eru hæfari í hópvinnu, heimildaleit og flutningi verkefna en verið hefur. Kennrarar segjast læra mikið af þessu, ekki síst kennslufræðilega og gaman sé að skapa eitthvað nýtt. Kennrarar í öðrum fögum sjá líka tækifæri í því að stokka upp sína áfanga, víða var sú vinna hafin en innleiðing nýrrar námskrár er þeim hvatning.

Nemendur tóku afar virkan þátt í matinu og iðulega voru sömu þættir lofaðir. Þar má nefna hópvinnuna, fjölbreytt verkefni, símat í stað prófa, frelsi og uppbrot, sjálfstæð og ígrunduð vinnubrögð, vettvangsferðir, kennrarar fá góða dóma og sömuleiðis þykir jákvætt að lítið þurfi að kaupa af eiginlegum námsbókum. Nemendur virðast líka skynja að mark sé tekið á gagnrýni þeirra, þannig að margir virðast upplifa sig sem þátttakendur í mikilvægu þróunarverkefni.

Það sem mætti betur fara er þó ýmislegt, enda er aðeins fyrsta starfsári verkefnisins lokið. Kennrarar í áfanganum vildu gjarnan fá meiri tíma fyrir samráð og undirbúning til að bæta skipulag og koma endurgjöf í betra horf. Fyrirlestraraðstöðu í skólanum er ábótavant, en kennrarar sjá tækifæri í því að halda fyrirlestra fyrir stærri hópa í einu. Ætlunin er að styrkja þekkingarmarkmið áfanganna og vinna betur með farþega í hópverkefnum. Nemendur hafa upplifað misvisandi skilaboð frá kennurum, þó sérstaklega í upphafi haustannar. Þeir hafa kvartað yfir verkefnaálagi og skorti á skipulagi. Allir þessir þættir hafa verið teknir fyrir hjá kennurum áfangans og áfram verður unnið að því að sníða af vankanta og vinna enn betur og markvissara að markmiðum áfangans á næstu árum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Frá upphafi hefur verkefnið verið kynnt víða út á við. Kennarar áfangans og verkefnastjóri hafa haldið fyrirlestra fyrir nemendur í kennsluréttindanámi HA, á ársþingi Samtaka áhugafólks um skólaþróun í ágúst 2010, á starfsdögum kennara við MK og Borgarholtskóla, á haustráðstefnu allra skólastiga á Akureyri 2010 og áætlaðar eru tvær kynningar í ágúst 2011; fyrir Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum og framhaldskynning á ársþingi Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Í desemberblaði Skólavörðunnar birtist grein um nýja námskrá í MA þar sem sagt var frá Íslandsfanganum auk þess sem reglulega hafa komið fréttir á vef MA og kynningar farið fram innan skólans.

Á þessari upptalningu má sjá að margir hafa sýnt þessu verkefni áhuga og óskað eftir kynningu á því, meðal annars með það að markmiði að hefja vinnu við sambættan áfanga í anda Íslandsfangan. Á næsta skólaári má búast við áframhaldandi kynningum á verkefninu.

Menntaskólanum á Akureyri, 27. júní 2011

Valgerður S. Bjarnadóttir

Valgerður S. Bjarnadóttir, verkefnastjóri

Jón Már Héðinsson

Jón Már Héðinsson, skólameistari